

MELKORKKA/ KORKIMON

Hvað er list fyrir þér?

Erfið spurning. Næsta.

Af hverju er sköpun mikilvægari núna en nokkru sinni fyrr?

Ég veit nú ekki hvort hún sé eitthvað mikilvægari núna en nokkru sinni fyrr, en hún er jú ekkert smá mikilvæg. Eitt sjónarhorn á mikilvægið er notkun listsköpunar sem einhversskonar fangi tíðarandans sem er sibreytilegur og kaotískur í dag. Ég hlakka til að skoða almennar sögubækur og listasögubækur eftir þrjátíu ár.

Seinasta sem þú hugsar áður en þú sofnar?

Oft, ef ég get ekki sofnað, þá tala ég við „guð.“ Ég fer með bænin sem pabbi minn þuldi fyrir mig á kvöldin sem barn. Síðan legg ég blessun yfir alla þá sem mér þykir vænt um og svoleiðis. Þetta er svakalega góð hugleiðsla og svæfing. Annars virkar líka að rúnka sér bara.

Af hverju telur þú okkar kynslóð vera klámkynslóð?

Það er ekki flókið. Aðgengi ungra krakka – ungra barna – að klámi er orðið svo auðvelt og aldurinn fer hrakandi niður sem krakkar byrja að skoða klám. Bæði strákar og stelpur! Aðallega er einblynt á hversu skaðleg áhrif þetta hefur á unga drengi en oft er gleymt að tala um hverskonar áhrif klám getur haft á sýn og skilning ungra stelpna á kynlífi, hvert þeirra hlutverk er og hvernig framkoma er „eðlileg“ í garð þeirra jafnt sem og hvernig þær eiga að haga sér.

Hver er tilgangurinn?

Bara að finna það sem gerir okkur hamingjusöm, finna eitthvað sem er þín orsök og gefur þér tilgang. Innri friður.

Penni vs. blýantur og af hverju?

Oftast penni, þá get ég ekki strokað út og þá leyfi sjálfri mér að gera mistök. Þá verða líka óhöppin að verkinu sjálfu.

Hvað er spirit animalið þitt?

Lizards og Jordan, franskir bolabítur bróður míns.

Hver er helsti galli samfélagsmiðla?

Einn af aðalgöllum við samfélagsmiðla að mínu mati er sýndarveruleikinn sem fólk tínist sjálft í jafnt og það tynist í annara manna sýndarveruleika, þeirra „fullkomna“ lífi... Stanslaus samburður er mjög skaðandi fyrir sálina og ég þekki það of vel sjálf. Það er alveg vinna útaf fyrir sig á hverjum degi að detta ekki inn í þessa holu. Ekki get ég til dæmis heldur ímyndað mér að vera á grunnskólaaldri í dag, folk.is og blogcentral höfðu alveg nógu skaðleg áhrif á litlu Korku.

Ef þú værir forseti hverju myndir þú breyta?

Það væri nú ansi margt... Eitthvað sem er búið að vera mér ofarlega í huga er þörf á „lífs“ kennslu í grunn- og menntaskólum. Bara til dæmis að kenna krökkum á fasteignamarkaðinn, kenna þeim hvernig lífeyrissjóðir virka, hvernig á að velja rétt stéttarfélag o.s.frv.

Mér þykir leiðinlegt sjálfri að kunna ekki nógu vel á þetta allt saman, en það gæti nú hinsvegar alveg verið útaf því að ég ólst upp annarsstaðar, en samt fæ ég ekki tilfinninguna að allir mínir jafnaldrar kunni eitthvað almennilega á þetta eða að þeim hafi verið kennt það.